

Ár 2015, fimmtudaginn 4. júní kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Eyþór H. Ólafsson í forföllum Unnar Þormóðsdóttur og Njörður Sigurðsson. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir, varaformaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

- 1.1. **Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytinu frá 19. maí 2015.**
Í bréfinu er tilkynnt að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að styrkja blómasýninguna Blóm í bæ um kr 100.000.-.
Lagt fram til kynningar.
- 1.2. **Varasjóði húsnæðismála frá 21. maí 2015.**
Í bréfinu er kynnt að Varasjóður húsnæðismála hefur hætt að taka við umsóknum frá sveitarfélögum vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði vegna fjárskorts.
Lagt fram til kynningar.
- 1.3. **Birtu Starfsendurhæfingu Suðurlands frá 26. maí 2015**
Í bréfinu er boðað til ársfundar Birtu endurhæfingar sem haldinn verður föstudaginn 5. júní.
Lagt fram til kynningar.
- 1.4. **Skeljungu frá 13. maí 2015.**
Í bréfinu er óskað eftir endurnýjun á lóðarleigusamningi við Austurmörk 22.
Bæjarráð samþykkir að endurnýja lóðarleigusamninginn.
- 1.5. **Þóri Ólafi Hammer Ólafssyni f.h. Reykjamörk Camping ehf frá 19. maí 2015.**
Í bréfinu óskar bréfitari eftir fresti til að fjarlægja hús af tjaldsvæðinu til 31. júlí 2015.
Þar sem bæjarstjórn hefur gert samning um leigu tjaldsvæðisins til Sigríðar E. Sigmundsdóttur getur bæjarráð ekki orðið við erindinu heldur beinir því til bréfitara að beina erindi sínu til nýrra leigjenda tjaldsvæðisins. Rétt er að ítreka að í samningi milli bréfitara og Hveragerðisbæjar var skýrt ákvæði um að lausamunir og hús í eigu leigutaka skyldu fjarlægðir við lok leigutímans.

- 1.6. **Kristínu Hreinsdóttur, verkefnisstjóra SASS frá 20. maí 2015**
Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær tilnefni tvo fulltrúa til að skipuleggja menntaþingin fimm á Suðurlandi, sem eru hluti af menntaverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir því við Viktoríu Sif Kristinsdóttur og Laufeyju Heimisdóttur að þær komi að skipulagningu menntaþinganna fyrir hönd Hveragerðisbæjar.

2. Félagsleg málefni málefni:

2.1. **Samstarfsyfirlýsing sveitarfélaga á Suðurlandi.**

Lögð fram fundargerð frá fyrsta fundi samstarfsnefndar lögreglustjóra og sveitarstjóra í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi sem haldinn var þann 25. Mars 2015 auk samstarfsyfirlýsingar sveitarfélaga á Suðurlandi um átak gegn heimilisofbeldi.

Bæjarráð lýsir yfir ánægju sinni með áherslur embættisins og samþykkir eftirfarandi samstarfsyfirlýsingu samhljóða:

Sveitarfélagin á Suðurlandi samþykkja að beita sér fyrir átaki gegn heimilisofbeldi í samvinnu við lögregluna á Suðurlandi. Um nánari útfærslu er vísað til samstarfs lögreglu og félagsþjónustu sveitarfélagsins en það samstarf hófst í upphafi ársins.

Lögreglustjóri skal gera grein fyrir árangri af verkefninu á fundi samstarfsnefndar lögreglu og sveitarfélaga á Suðurlandi ár hvert og oftar sé þess óskað.

Sveitarfélögin og embætti lögreglustjórans á Suðurlandi munu vinna saman að þessu verkefni í samráði við hagsmunasamtök og aðra sem geta lagt verkefninu lið.

3. Menningar- og frístunda málefni:

3.1. **Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa frá 30. maí 2015.**

Lagt fram minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa vegna umsóknar um 7. landsmót UMFÍ 50+ 2017.

Bæjarráð samþykkir að sækja um að halda 7. landsmót UMFÍ 50+ árið 2017.

4. Lagaleg málefni:

4.1. **Dómur frá 22. maí 2015 – Diðrik Jóhann Sæmundsson gegn Hveragerðisbæ.**

22. maí 2015 féll dómur í Héraðsdómi Suðurlands í máli Diðriks Jóhanns Sæmundssonar gegn Hveragerðisbæ vegna greiðslu bóta

vegna skipulagsmála.

Í dómnum er Hveragerðisbær sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Bæjarráð fagnar niðurstöðu Héraðsdóms.

5. Fjárhagsleg málefni:

5.1. **Rekstraryfirlit Hveragerðisbæjar jan-apríl 2015.**

Lagt fram til kynningar rekstraryfirlit Hveragerðisbæjar fyrir janúar til apríl 2015.

5.2. **Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa frá 1. júní 2015.**

Lagt fram minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa vegna reksturs gæsluvallar í sumar.

Bæjarráð samþykkir að reka gæsluvöll með svipuðu sniði og undanfarin ár á leikvöllum leikskólanna frá 1. júlí – 24. júlí 2015.

5.3. **Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 20. maí 2015.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa vegna opnun tilboða í að framkvæma verkið „Ölfusdalur 2015“.

Alls bárust 4 tilboð í verkið.

Bjóðendur	Tilboðsfjárhæð (kr.)
Arnon ehf. Hveragerði	38.377.250
Borgarverk ehf. Borgarnesi	42.059.000
Gröfuþjónusta Steins Selfossi	41.606.600
Vörubifreiðastjórafélagið Mjólnir Selfossi	39.847.740
Kostnaðaráætlun Eflu Suðurlandi	40.795.700

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðenda Arnon ehf. Bæjarráð áskilur sér rétt til að fresta lagningu efra burðarlags í samræmi við tillögur í minnisblaði skipulags- og byggingarfulltrúa.

5.4. **Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun - íþróttahús.**

Lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun vegna veikinda starfsmanna í Íþróttahúsi að upphæð kr 1.300.000.-

Bæjarráð samþykkir viðaukann. Upphæðin fari af lið 21-01-9980 til síðari ráðstöfunar vegna starfsmanna.

6. Atvinnu- og markaðsmál:

Á fundinn mætti Davíð Samúelsson, atvinnu- og markaðsráðgjafi og kynnti framvindu verkefna

7. Verkfundagerðir:

7.1. **Sundlaugarhús Laugaskarði, viðhald utanhúss frá 27. maí 2015.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

8. Fundargerðir til kynningar:

8.1. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 16. febrúar, 6. mars, 8. apríl og 8. maí 2015.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)